



Að kveikja í himninum



Á daginn lýsir sólinn upp himininn en allir ljóspunktarnir sem skína á næturhimninum eru stjörnur – risavaxnir hnettir úr glóandi gasi. Stjörnur verða til djúpt innan í þykkum gas- og rykskjújum í geimnum. Til að skoða þessa fæðingarstaði stjarna þurfa stjörnufræðingar að smíða sérstaka sjónauka sem nema ljós sem við greinum ekki með eigin augum. Þessir sjónaukar gera stjörnufræðingum kleift að skyggjast inn í dökk stjörnumyndunarský og sjá það sem leynist í þeim.

Þessi mynd var tekin með einum slíkum sjónauka, APEX. Þessi öflugri sjónauki var hannaður til að nema hitann sem ryk gefur frá sér til að sjá felustaðina sem stjörnur verða til í. Þótt við sjáum ekki stjörnur sjálfar hefur hitinn frá þeim hitað upp skýin í kring. Og APEX hefur einmitt ljósmyndað þessa hlýju bletti. Lífur ekki út fyrir að ungu stjörnur hafi hreinlega kveikt í skýjunum?

COOL FACT

Það er erfitt að safna ósýnilegu ljósi utan úr geimnum. Ef sjónaukinn er á jörðinni geta merki utan úr geimnum blandast við merki úr loftþjúpum okkar. Til að vinna bug á því senda stjörnufræðingar stundum loftbelgi á loft með búnað um borð til að rannsaka himingeiminn. Einn loftbelgurinn náði meira en 50 km hæð!

